

Aðalfundur
Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. fyrir árið 2006

31. ágúst 2007

Fundurinn var haldinn í forsætisráðuneytinu, þann 31. ágúst 2007 og hófst kl. 11:00. Mættir eru: Geir H. Haarde forsætisráðherra og Páll Þórhallsson lögfræðingur í ráðuneytinu.

Þar sem hluthafi í Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. er einn voru eftirfarandi ákvarðanir teknar skv. 2. mgr. 14. gr. samþykka félagsins, sbr. 59. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994, og verða þær færðar í fundargerðabók félagsins.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Staðfesting ársreiknings 2006.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðanda eða skoðunarmanns.
5. Ráðstöfun á hagnaði/tapi, greiðslum á arði og framlög í varasjóð.
6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
7. Önnur mál löglega fram borin.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar.

Fram er lögð skýrsla stjórnar dags. 20. mars 2007.
Var skýrsla stjórnar samþykkt.

2. Staðfesting ársreiknings 2006.

Tap ársins var kr. 109,3 milljónir og eigið fé neikvætt um 89,3 milljónir. Fyrir liggur bréf Ríkisendurskoðunar til félagsins dags. 21. mars 2007 þar sem ekki eru gerðar athugasemdir við ársreikninginn.

Var ársreikningurinn samþykktur.

3. Kosning stjórnar.

Hluthafi ákvað að fresta kosningu stjórnar til hluthafafundar þann 15. október 2007 og er umboð núverandi stjórnar framlengt til þess tíma.

4. Kosning endurskoðunarfélags.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun fyrir félagið, sbr. 2. mgr. 19. gr. samþykka félagsins.

5. Ráðstöfun á hagnaði/tapi, greiðslum á arði og framlög í varasjóð.

Tillaga var um að greiða hvorki arð né nein framlög í varasjóð og að tap ársins yrði flutt til næsta árs og var hún samþykkt.

6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.

Fyrir lá ákvörðun forsætisráðuneytisins, sem tilkynnt var með bréfi til félagsins hinn 18. janúar 2007, um að á starfsárinu 2007 yrðu laun formanns kr. 300.000,- á mánuði, laun annarra stjórnarmanna kr. 150.000,- á mánuði og laun varamanna kr. 45.000,- fyrir hvern fund.

Var þessi ákvörðun staðfest fyrir starfsárið 2007.

7. Önnur mál löglega fram borin.

Aðalfundi bárust engin málefni til umræðu undir þessum lið.

Engin önnur mál voru tekin fyrir. Fundi var slitið kl. 11:30.



Páll Þórhallsson, fundarritari.

